

# Verum við

## Hver er árangur af 8 ára þingsetu Kvinnalistsans?

Kvinnallistinn hefur átt fulltrúa á Alþingi í 8 ár. Á þeim tíma höfum við veitt þremur ríkisstjórnnum öflugt aðhald eins og stjórnarandstöðu ber, en líka lagt fram ótal tillögur. Sumar hafa verið samþykktar, aðrar hafa ríkisstjórnir tekið upp á sína arma, enn aðrar þurfa lengri meðgöngutíma.

### Við höfum lagt til:

- ♀ að fæðingarorlof yrði 6 mánuðir. Það er nú staðreynd.
- ♀ að skóladagur grunnskólabarna verði samfelldur, börn fái máltíðir í skólanum og að skóladagurinn verði lengdur. Nú hafa verið samþykkt ný lög um grunnskólann.
- ♀ að öll börn eigi rétt á leikskólavist og að uppbyggingin verði að hluta til greidd úr ríkissjóði. Nú hafa verið sett ný lög um leikskóla en fjármagnið lætur á sér standa.
- ♀ að gripið verði til aðgerða gegn einelti barna. Sú tillaga var samþykkt.
- ♀ að umhverfisfræðsla verði veitt í skólum sem og fyrir allan almenning. Sú tillaga var samþykkt.
- ♀ að úttekt verði gerð á ferðamannastöðum og þjónusta við ferðamenn bætt. Þessi tillaga var samþykkt.
- ♀ að komið verði á fót atvinnuþróunardeild fyrir konur við Bygðastofnun. Þessi hugmynd er nú komin inn í jafnréttisáætlun forsætisráðherra.
- ♀ að komið verði upp fjarvinnustofum úti á landsbyggðinni sem taki að sér ákveðin verkefni. Slíkt starf er nú hafið.
- ♀ að þegar verði hafnar skipulagðar rannsóknir á möguleikum vetnisframleiðslu hér á landi. Málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar.
- ♀ að rannsókn og meðferð nauðgunarmála verði endurskoðuð og bætt. Nú er í bígerð að koma upp neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb nauðgara.
- ♀ að stofnað yrði öflugt umhverfisráðuneyti. Það er tekið til starfa, þó ekki sé það með þeim hætti sem við hefðum óskað.

Þú getur haft áhrif -  
farðu vel með atkvæði þitt